

Félag landfræðinga

Pósthólf 5391

125 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 122/1866
komudagur 16.4. '98

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. apríl 1998

**MÁL: UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA
UM EIGNARHALD OG NÝTINGU Á AUÐLINDUM Í JÖRÐU (359. MÁL)**

Vísað er til erindis iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 27. febrúar 1998, þar sem óskað er umsagnar Félags landfræðinga um frumvarp til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu (359. mál).

Brýnt er að vanda vel til hvers konar lagasetningar um meðferð á auðlindum landsins, og á það jafnt við um eignarhald og nýtingu. Spurningar um eignarhald verða ekki leiddar til lykta nema með ítarlegri umræðu í samfélaginu, enda skoðanir skiptar. Félag landfræðinga telur orka tvímælis að skilgreina allar auðlindir í jörðu sem einkaeign með jafn fortaklausum hætti og gert er í 3. gr. frumvarpsins, þ.e.a.s. á landi sem ekki er skilgreint sem þjóðlendur. Þetta á einkum við um jarðhita djúpt í jörðu, sem og auðlindir sem ekki hafa fundist í neinu magni hérlandis og engin hefð er fyrir nýtingu á, hvað sem framtíðin kann að bera í skauti sér. Þar má nefna olíu og gas. Um þetta hefur of lítil umræða farið fram til að verjandi sé að fara þá leið sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Félagið gerir einnig athugasemd við að ekki virðist gæta jafnvægis milli nýtingarsjónarmiða og sjónarmiða umhverfisverndar. Nefna má sem dæmi að í 8. gr. eru yfirborðsnámur til nýtingar á margs konar jarðefnum heimilaðar á landi í einkaeign án þess að til þurfi nýtingarleyfi, án nokkurra skilyrða um umgengni eða frágang, og án þess að vísað sé til ákvæða annarra laga um þau efni. Þau ákvæði frumvarpsins sem lúta að umhverfisvernd eru fá og afar almennt orðuð. Þar má nefna 17. gr., þar sem veiting nýtingarleyfis er skilyrt því að „tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða.“ Vald til að veita nýtingarleyfi, að uppfylltum þessum skilyrðum ásamt öðrum, er sett í hendur iðnaðarráðherra. Ekki er að finna neinn skýran farveg í frumvarpinu fyrir faglega umfjöllun um áhrif nýtingar á umhverfi.

Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda með formlegum og faglegum hætti á sér ekki langa sögu hér á landi. Vinnuáðferðir við slíkt mat hafa verið að mótast á undanförunum árum, en þess hefur óneitanlega gætt að litið sé á það sem eins konar eftirspil, þegar búið er að leggja drög að framkvæmdum og jafnvel taka flestar stefnumarkandi ákvarðanir um þær. Ekki síst hefur þetta átt við um nýtingu á auðlindum í jörðu. Félag landfræðinga telur þörf á að færa mat á umhverfisáhrifum framar í framkvæmdaferlið og gera það gagnsærra og virkara. Líður í slíku væri að byggja vísanir til slíks mats inn í lagasetningu eins og þá sem hér er til umsagnar.



Karl Benediktsson
formaður Félags landfræðinga